

# AÐALSKIPULAG HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024

## GREINARGERÐ VEGNA BREYTINGAR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI, NÝ SKÓGRÆKTARSVÆÐI, UMFJÖLLUN UM EFNISTÖKUSVÆÐI, REIÐLEIÐ OG STOFNÆÐ FRÁVEITU LÓNBAKKA



**8.1.2020**

Breytt 18.2.2020 m.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar

Breytt skv. afgreiðslu sveitarstjórnar 30.4.2020 og 14.1.2021

	Skipulagsstofnun
Mótt.:	- 1. feb. 2021
Mál nr.	



Breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar

2012-2024



HÖRGÁRSVEIT



Meðfylgjandi greinargerð er uppdráttur dagsettur 8.1.2020

# EFNISYFIRLIT

---

1	Inngangur .....	4
2	markmið .....	5
3	Forsendur og tengsl við aðrar áætlanir .....	5
3.1	Skógrækt í Engimýri, Geirhildargörðum og Grjótgarði.....	6
3.1.1	Samræmi við aðrar stefnur.....	6
3.1.2	Staðhættir.....	7
3.1.3	Niðurstaða .....	8
3.2	Stofnæð fráveitu frá Skógarhlíð við Lónsbakka.....	8
3.2.1	Samræmi við aðrar stefnur.....	8
3.2.2	Staðhættir.....	9
3.2.3	Niðurstaða .....	9
4	Efnistök aðalskipulagsbreytingar.....	9
4.1	Skógræktar- og landgræðsluslusvæði .....	9
4.2	leiðréttig á umfjöllun efnistökusvæða við Tréstaði/Hlaðir og við spónsgerði .....	11
4.3	Breyting á sérákvæðum efnistöku í Hörgá .....	14
4.4	Uppfærð íbúaspá .....	14
4.5	Reiðleiðir.....	15
4.6	Stofnæð fráveitu.....	16
5	Umhverfisskýrsla .....	16
5.1	Matskylda skipulagstillögu .....	16
5.2	Viðmið .....	17
5.3	vægi áhrifa .....	18
5.4	Umhverfisáhrif.....	18
5.4.1	Niðurstaða umhverfismats .....	19
5.4.2	Niðurstaða umhverfismats .....	21
6	samráð og kynning .....	21
7	Heimildaskrá.....	23
	Mynd 1. Afmörkun skógræktarsvæðis við Geirhildargarða (afmörkun ónákvæm).....	7
	Mynd 2. Afmörkun skógræktarsvæðis við Grjótgarð(afmörkun ónákvæm).....	8
	Mynd 3. Afmörkun skógræktarsvæðis við Engimýri (afmörkun ónákvæm).....	8
	Mynd 4. Efnistökusvæði í landi Hlaða og Tréstaða .....	11
	Mynd 5. Uppfærð íbúaspá fyrir Hörgársveit til ársins 2024.....	15

## TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Skilgreind svæði skógræktar- landgræðslu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar fyrir breytingar.....	10
Tafla 2. Skilgreind svæði skógræktar- landgræðslu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar eftir breytingar.....	10
Tafla 3. Skilgreind efnistöku- og efnislosunarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar fyrir breytingu.....	11
Tafla 4. Skilgreind efnistöku- og efnislosunarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar eftir breytingu.....	12
Tafla 5. Þróun mannfjölda í Hörgársveit 2014-2019 (Hagstofa Íslands).....	15
Tafla 6. Umhverfisþættir og viðmið.....	18
Tafla 7. Vægi áhrifa.....	18
<i>Tafla 8. Umhverfismat efnistökusvæðis við Hlaðir og Tréstaði.....</i>	19
Tafla 9. Umhverfismat skógræktarsvæða .....	21

# 1 INNGANGUR

Í vinnslu er breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar var staðfest þann 17. desember 2015. Breytingin er í nokkrum liðum. Lýsing fyrir breytingu þessa var auglýst 2. september 2019. Í samráði við Skipulagsstofnun er búið að einfalda og fækka nokkuð þeim liðum sem áður voru auglýstar í lýsingunni.

Í áður kynntri lýsingu voru eftirfarandi viðfangsefni:

- **Brunavarnir – vatnstökustaðir.**
- **Breytt skilgreining á landnotkun.**

Íbúðarbyggð	-Lónsbakki- stækkun á þéttbýlismörkum til norðurs
Frístundabyggð	-Arnarnes.
Skógræktarsvæði	-Engimýri, Geirhildargarður og Grjótgarður- Ný svæði
Efnistaka	-Malarnáma í landi Hlaða/Tréstaða. Leiðrétti, námur sem voru inni í aðalskipulagi Hörgársveitar en duttu út þegar aðalskipulagið tók gildi. -Sérákvæði vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar verður breytt.
Verslun og þjónusta	-Skógarhlíðarhverfi og Syðra Brekkukot.

- **Almennir skilmálar.**

Skilmálar vegna tímabundinna stöðuleyfa m.a. tíma og fjölda leyfa innan hverrar lóðar.

Skilmálar er varða auglýsingaskilti innan sveitarfélagsins í samræmi við náttúruverndarlög.

Skilmálar og heimildir vegna bygginga á landbúnaðarsvæðum.

Skilmálar vegna mannvirkja á lóðum í dreifbýli undir 3 ha.

- **Flokkun lands.**

Skilgreining á landbúnaðarlandi og viðmið á gæðum, sett er inn frekari skilgreining á flokkun landbúnaðarlands.

- **Vegir.**

Breytt lega þjóðvegar 1 í Kræklingahlíð á uppdrætti skipulagsins.

- **Uppfærð íbúaspá**

Uppfærð íbúaspá m.t.t. nýrrar húsnæðisáætlunar Hörgársveitar

- **Stofnæð fráveitu**

Ný stofnæð fráveitu sýnd á uppdrætti frá sveitarfélagamörkum við Akureyri að Skógarhlíð við Lónsbakka.

Þar sem umfang breytingarinnar var að mati Skipulagsstofnunar þess eðlis að hún kallaði jafnvel á endurskoðun á aðalskipulagi þá var ákveðið að fækka liðum og fjallar breytingin um eftirfarandi afmarkaða liði:

1. **Ný skógræktarsvæði í landi Geirhildargarða, Grjótgarðs og Engimýrar.**
2. **Breyting á efnistökuskilmálum í Hörgá.**
3. **Efnistökusvæði að Hlöðum.**
4. **Uppfærð íbúaspá m.t.t. nýrrar húsnæðisáætlunar Hörgársveitar.**
5. **Reiðleiðir. Breyting í Hörgárdal frá Hátúni að Skriðu. Breytingin felur í sér að í stað þess að nýta gamla Hörgárdalsveginn sem reiðleið eins og það er skilgreint í gildandi Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 þá er er hann í breytingunni sýndur meðfram nýjum Hörgárdalsvegi milli áðurnefndra bæja. Reiðleið um Hörgárdal, frá gatnamótum Möðruvallarvegar/Hörgárdalsvegar að gatnamótum Hörgárdalsvegar við Mela lagfærð og færð neðan vegar í stað ofan á skipulagsupprætti. Reiðleið meðfram veki 818 í Kræklingahlíð hliðrað austur fyrir veg.**
6. **Stofnæð fráveitu frá sveitarfélagamörkum við Akureyri að Skógarhlíð við Lónsbakka.**

## **2 MARKMIÐ**

---

Markmið skipulagsbreytingarinnar eru ákveðnar lagfæringar á skipulagsgönum sem og breytingar í stefnumörkun sveitarfélagsins sem hafa ekki náð að ganga eftir s.s. ákvæði efnisvinnlsu í Hörgá. Bætt er við þremur nýjum skógræktarsvæðum í landi Geirhildargarða, Grjótgardar og Engimýrar en markmið sem er í takt við stefnu sveitarfélagsins um aukna skógrækt sem og meiri kolefnisbindingu.

Við vinnslu á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 datt út hringtákn á skipulagsuppdraðtti fyrir efnistöku svæði við Spónsgerði en svæðið er tilgreint í greinargerð. Einnig er verið að skilgreina að nýju efnistökusvæði við Hlaði/Trésstaði sem var inni í eldra aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 en datt út við vinnslu á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024. Í þessum tveimur atriðum er því meira um leiðréttingu á skipulagsgönum að ræða frekar en breytingar. Þörf var á því að endurmeta ákvæði efnistöku í Hörgá og uppfæra íbúaspá með tilliti til nýutgefinnar húsnæðisáætlunar Hörgársveitar 2019-2027.

Markmið skilgreiningar á nýrri fráveitulögn í Lónbakkahverfi er að færa fráveitumál Lónsbakkahverfis í hagkvæmara og umhverfisvænna horf en það er í dag sem ekki þykir ásættanlegt.

Lega reiðleiðar í Hörgárdal er færð þannig að hún liggi samhliða nýrri Hörgárbraut, en gert hefur verið ráð fyrir að reiðleiðin væri um aflagðan þjóðveg í eldra skipulagi. Breytingin er í samræmi við samkomulag sem náðst hefur milli landeigenda og Vegagerðarinnar. Í kjölfar ábendinga sem bárust við kynningu tillögu á vinnslustigi er reiðleið sem gert hefur verið ráð fyrir vestan 818 hliðrað austur fyrir þjóðveginn, en sú breyting miðar að hagræði vegfarenda og auknu umferðaröryggi.

Íbúaspá aðalskipulags er endurskoðuð á grundvelli þróunar sem orðið hefur eftir gildistöku aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024

## **3 FORSENDUR OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR**

---

Breytingar sem nú eru gerðar á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 eru af tvennu tagi. Annars vegar er um að ræða breytingar sem gerðar eru á skilmálum sem lúta að stefnu eða framkvæmdum sem þegar var gerð grein fyrir í aðalskipulagi og hinsvegar er um að ræða ný framkvæmdaráform sem færð eru inn í aðalskipulag í fyrsta skipti.

Breytt lega reiðleiða í Hörgárdal og í Kræklingahlíð, uppfærð íbúaspá og breyting á efnistökuskilmálum í Hörgá eru framkvæmdir og stefnur sem þegar voru til staðar í gildandi skipulagi og styðst breytingin sem gerð er nú við sömu forsendur og skipulagsáætlanir og við átti í gildandi aðalskipulagi. Efnistökusvæði að Hlöðum var á eldra aðalskipulagi (Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026) en féll fyrir handvömm út af skipulagi við endurskoðun aðalskipulags í kjölfar sameiningar Hörgárbyggðar og Arnarneshrepps 2010. Þar er því ekki um að ræða framkvæmd sem tekin er inn í aðalskipulag í fyrsta skipti nú heldur styðst hún við skilmála sem fyrir hendi voru í eldra aðalskipulagi.

Skógræktarsvæði og fráveitulögn frá Lónsbakka eru hinsvegar framkvæmdir sem eru færðar inn í aðalskipulag í fyrsta skipti með breytingunni sem hér um ræðir og verður gerð nánari grein fyrir forsendum þeirra og samræmi við aðrar áætlanir í hér á eftir.

## **3.1 SKÓGRÆKT Í ENGIMÝRI, GEIRHILDARGÖRÐUM OG GRJÓTGARDI**

### **3.1.1 Samræmi við aðrar stefnur**

#### **3.1.1.1 Landsskipulagsstefna**

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er fjallað um skipulag landbúnaðarlands:

##### *2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands.*

*„Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland.“*

#### **3.1.1.2 Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024**

Í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 kemur eftirfarandi markmið fram í kafla 3.3.1:

*„Landnýting skal vera í samræmi við landkosti til að tryggt verði svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota“.*

#### **3.1.1.3 Stefna aðalskipulags Hörgársveitar**

Í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 segir að leiðarljós skipulagsins sé að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Megin markmið Aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024 miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi á gildistíma aðalskipulagsins. Lögð er m.a. áhersla á að;

- Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orku- og auðlinda.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannuðs sé í samræmi við markmið sjálfbærar þróunar.
- Að benda skýrt á gildi skógræktar enda er líklegt að um verði að ræða umtalsverða breytingu á landnotkun vegna skógræktar, bæði almennrar skógræktar og nytjaskógræktar, þ.e. bændaskóga.

Í gildandi aðalskipulagi segir einnig;

##### **3.3.9 Skógræktar- og landgræðsluslusvæði,**

*„stefnt er að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig segir að á góðu landbúnaðarlandi sé fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búopeningi og ræktun.“*

#### **3.1.1.4 Löggjöf**

Í lögum um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006 segir svo um markmið í 1. gr.:

*„Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf skal Skógræktin eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til skógræktar á lögbýlum í öllum landshlutum. Í hverjum landshluta skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan við 400 m yfir sjávarmáli.“*

### 3.1.2 Staðhættir

Þau svæði sem að breytt landnotkun tekur til eru við skógræktarsvæði á Engimýri, Geirhildargarði og Grjótgarði auk efnistöku í landi Hlaða/Tréstaða.


Skógræktaráform í Öxnadal eru á svæði innarlega í dalnum sem liggur í um 260 – 400 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem skilyrði til annarrar búvöruframleiðslu en nytjaskóga með erfiðasta móti, enda er búrekstur löngu aflagður í Engimýri og Geirhildargörðum. Í landi Grjótgarða á Þelamörk er reyndar að finna gott landbúnaðarland sem hentar vel til túnræktar, en þau tún hafa verið skilin frá svæði sem skipulagsbreytingin tekur til.

Ríkjandi gróðurfar í landi Geirhildargarða er graslendi og moslendi og að mestu láglent svæði og er skilgreint sem landbúnaðarland en tún verða að mestu utan skógræktar. Engar sérstakar jarðmyndanir fyrir hendi. Fornminjaskráning hefur þegar farið fram og engar minjar eru innan skógræktarsvæðisins, fyrir utan eina tóft þar sem ekki er heimilt að gróðursetja nær en 20 m. Skógræktarsvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar og rúmlega 2 ha votlendis eru innan svæðisins. Rangárvallalína 1 liggur í gegnum fyrirhugað skógræktarsvæði og önnur smærri lína liggur meðfram gamla þjóðveginum.

Í landi Grjótgarða var svæðið áður nýtt sem beitiland og er á milli 20-80 m.y.s. Að mestu flatlent með nokkuð frjóu mólendi með rýrum melkollum á milli. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði en tún verða utan fyrirhugaðs skógræktarssvæðis. Engar sérstakar jarðmyndanir eða votlendi sem njóta verndar og ekki er vitað um fornminjar innan svæðisins. Fornleifaskráning þarf þó að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi er veitt fyrir skógræktinni. Skógræktarsvæðið liggur að Þjóðvegi 1 en nær hvergi nær honum en 30 m. Engar raflínur liggja um svæðið.

Í landi Engimýrar er ríkjandi gróðurlendi mólendi og graslendi. Skógræktarsvæðið er á flatlendi við þjóðveg 1 og er á fjarsvæði vatnsverndar. Votlendi verður afmarkað sérstaklega og ekki verður gróðursett í það þegar að framkvæmdum kemur. Fornminjaskráning fór fram á svæðinu árið 2008 og 4 skráðar minjar eru innan framkvæmdasvæðisins og verði þær afmarkaðar og ekki gróðursett í nágrenni við þær. Skógræktarsvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar. Rangarvallalína 1 liggur í gegnum fyrirhugað skógræktarsvæði og önnur smærri lína liggi að mestu meðfram gamla þjóðveginum.


Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar gert grein fyrir hugsanlegum áhrifum vegna breytrar landnýtingar sem breyting á aðalskipulag hefur í för með sér.



Mynd 1. Afmörkun skógæktarsvæðis við Geirhildargarða (afmörkun ónákvæm).



Mynd 2. Afmörkun skógræktarsvæðis við Grjótgarð (afmörkun ónákvæm).



Mynd 3. Afmörkun skógræktarsvæðis við Engimýri (afmörkun ónákvæm).

### 3.1.3 Niðurstaða

Við umfjöllun um skógræktaráformin sem hér um ræðir hefur sveitarstjórn litið svo á að áformin séu að líkindum afturkræf með hóflegum tilkostnaði, auk þess sem skógrækt sé í reynd landbúnaður og nytjaskógor búvara. Með hliðsjón af þessi og eiginleikum landsins um ræðir telur sveitarstjórn því að áform breytingar á aðalskipulagi samræmist vel þeim stefnum sem koma fram í köflum 3.1.1.1-3.1.1.4.

## 3.2 STOFNÆÐ FRÁVEITU FRÁ SKÓGARHLÍÐ VIÐ LÓNSBAKKA

### 3.2.1 Samræmi við aðrar stefnur

#### 3.2.1.1 Landsskipulagsstefna

Í kafla 3.3.2 í greinargerð landsskipulagsstefnu kemur m.a. fram:

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausrnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.“

### **3.2.1.2 Stefna aðalskipulags Hörgársveitar**

Í kafla 4.4.5 í greinargerð gildandi aðalskipulags kemur eftirfarandi markmið fram:

„Frárennslismál þéttbýlanna séu ætíð í góðu lagi.“

### **3.2.1.3 Löggjöf**

Í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1998 segir í 1. gr.

*„1.1 Markmið reglugerðar þessarar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.“*

### **3.2.2 Staðhættir**

Núverandi meðhöndlun fráveitu í hverfinu við Lónsbakka þar sem fyrir er stór rotþró með ósónhreinslun) reiði sig á veikan viðtaka og samræmist því ekki með góðu móti reglugerðarákvæðum um meðferð skolps. Ný fráveitulögn mun liggja að mestu meðfram vegum að sveitarfélagsmörkum Akureyrar og mun veita skolpi Lónsbakkahverfis inn á fráveitukerfi Akureyrarbæjar. Með þessu móti er skolpi sem til fellur í Lónsbakkahverfi fargað á mun umhverfisvænni hátt en hingað til hefur verið völ á.

### **3.2.3 Niðurstaða**

Með hliðsjón af framansögðu telur sveitarstjórn því að áform breytingar á aðalskipulagi samræmist vel þeim stefnum sem koma fram í köflum 3.2.1.1 – 3.2.1.3.“

## **4 EFNISTÖK AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR**

---

Breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er í sex liðum eins og fram kemur í inngangi greinargerðar og er fjallað um einstaka liði í köflum 4.1-4.6 hér að neðan og eru breytingarnar eftirfarandi:

1. Ný skógræktarsvæði í landi Geirhildargarða, Grjótgarðs og Engimýrar.
2. Breyting á efnistökuskilmálum í Hörgá.
3. Efnistökusvæði að Hlöðum.
4. Uppfærð íbúaspá m.t.t. nýrrar húsnæðisáætlunar Hörgársveitar.
5. Reiðleiðir. Breyting í Hörgárdal frá Hátúni að Skriðu. Breytingin felur í sér að í stað þess að nýta gamla Hörgárdalsveginn sem reiðleið eins og það er skilgreint í gildandi Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 þá er er hann í breytingunni síndur meðfram nýjum Hörgárdalsvegi milli áðurnefndra bæja. Reiðleið um Hörgárdal, frá gatnamótum Möðruvallarvegar/Hörgárdalsvegar að gatnamótum Hörgárdalsvegar við Mela lagfærð og færð neðan vegar í stað ofan á skipulagsupprætti. Reiðleið meðfram vegi 818 í Kræklingahlíð hliðrað austur fyrir veg.
6. Stofnæð fráveitu frá sveitarfélagamörkum við Akureyri að Skógarhlíð við Lónsbakka.

### **4.1 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI**

Gerð er breyting á kafla 3.3.9 um skógræktar- og landgræðsluslusvæði. Við bætast þrjú svæði til viðbótar við þau svæði sem þegar eru skilgreind í aðalskipulaginu. Svæðin eru í landi Engimýrar, Geirhildargarða og Grjótgarða. Markmið aukinnar skógræktar eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um aukna skógrækt sem og stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar Skógræktarsvæðin eru misstór en það stærsta er í Engimýri eða 117 ha. Eins og fram kemur í kafla 3 um forsendur og tengsl við aðrar áætlanir þá eru

þessi svæði nokkuð umfangsmikil og breyta landnotkun á svæðinu talsvert en einnig verður breyting á ásýnd í Öxnadal þegar horft er til svæðanna í heild sinni. Við skógrækt verður tekið tillit til nálægðar við fornminjar og ekki plantað nær þeim en 20 m. Þar sem raflínur liggja í nálægð við fyrirhuguð skógræktarsvæði þá verður tekið tillit til helgunasvæði þeirra. Skógræktin mun aukinheldur ekki hafa áhrif á vatnsbúskap vatnsverndarsvæða en skógrækt við Geirhildargarða og Engimýri eru innan fjarsvæðis vatnverndar heldur frekar hafa jákvæð áhrif á vatnsvernd á svæðinu. Skógræktarsvæði munu ekki skerða gott landbúnaðarland.

### Kafli 3.3.9 Skógræktar- og landgræðslusvæði.

Tafla 1. Skilgreind svæði skógræktar- landgræðslu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar fyrir breytingar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing/stærð (ha)
SL-1	Ásláksstaðir	70
SL-2	Hraukbæjarkot	23
SL-3	Moldhaugar	19
SL-4	Glæsibær	283
SL-5	Dagverðareyri	72
SL-6	Dagverðartunga	22
SL-7	Steðji	41
SL-8	Skjaldarstaðir	41
SL-9	Gerði	35
SL-10	Myrkárbakki	23
SL-11	Flaga	40
SL-12	Hólar	90
SL-13	Syrði-Reistará	20
SL-14	Ásláksstaðir	56

Tafla 2. Skilgreind svæði skógræktar- landgræðslu í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar eftir breytingar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing/stærð (ha)
SL-1	Ásláksstaðir	70
SL-2	Hraukbæjarkot	23
SL-3	Moldhaugar	19
SL-4	Glæsibær	283
SL-5	Dagverðareyri	72
SL-6	Dagverðartunga	22
SL-7	Steðji	41

SL-8	Skjaldarstaðir	41
SL-9	Gerði	35
SL-10	Myrkárbakki	23
SL-11	Flaga	40
SL-12	Hólar	90
SL-13	Syrði-Reistará	20
SL-14	Ásláksstaðir	56
SL-15	Engimýri	117
SL-16	Geirhildargarðar	46
SL-17	Grjótgarður	37

## 4.2 LEIÐRÉTTING Á UMFJÖLLUN EFNISTÖKUSVÆÐA VIÐ TRÉSTAÐI/HLAÐIR OG VIÐ SPÓNSGERÐI

Gerð er breyting á kafla 3.2.7 um efnis- og efnislosunarsvæði. Breytingin felst í því að bætt er við hringtákni við Spónsgerði þar sem á uppdrætti er sýnt númerið E1 en hringtákn þetta datt út við vinnslu á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024. Við bætist eitt svæði í landi Tréstaða og Hlaða sem skilgreint var í aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026 og féll fyrir mistök út við vinnslu nýs aðalskipulags Hörgársveitar 2012-2024. Því er ekki um ný efnistökusvæði að ræða heldur eru þetta leiðréttningar á skipulagsgönum.



Mynd 4. Efnistökusvæði í landi Hlaða og Tréstaða.

Tafla 3. Skilgreind efnistöku- og efnislosunarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar fyrir breytingu.

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/ magn m <sup>3</sup>	Jörð

E-1	Spónsgerði	Möl og sandur	50.000	Spónsgerði
E-2	Hörgá 1*	Árfarvegur og bakkar neðan við brú á Dalvíkurvegi	45.000	Hlaðir/Möðruvellir
E-3	Björg	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum	2.200.000	Björg
E-4	Hörgá 2*	Árfarvegur milli Djúpárbakka og Laugalands	65.000	Litli-Dunhagi, Stóri-Dunhagi, Grjótgarður, Djúpárbakki, Björg
E-5	Moldhaugaháls	Grjótnáma ásamt lagersvæði alls um 17 ha	5.000.000	Skútar/Moldhaugar
E-6	Hörgá 3*	Árfarvegur á móts við Auðbrekku	85.000	(Krossastaðir, Laugarland, Auðbrekka Hólkot)
E-7	Hörgá 4*	Árfarvegur á móts við Brakanda	15.000	(Fornhagi, Brakandi, Dagverðartunga, Skriða)
E-8	Hörgá 5*	Malarkeilur og árfarvegur Syðri-Tunguár og Ytri-Tunguár	75.000	Skriða, Fornhagi, Dagverðartunga
E-9	Hörgá 6*	Árfarvegur frá Steðja að vesturmörkum Lönguhlíðar	400.000	Skriða, Langahlíð, Neðri-Rauðilækur, Neðri-Vindheimar, Ás, Skógar, Steðji
E-10	Öxnadalsá 1	Árfarvegur frá Neðstalandi og Hraunshöfða	55.000	Efstaland, Neðstaland, Skjaldarstaðir
E-11	Öxnadalsá 2*	Árfarvegur á móts við Efstaland	55.000	Efstaland

Tafla 4. Skilgreind efnistöku- og efnislosunarsvæði í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar eftir breytingu.

Nr.	Heiti	Lýsing	Staða/ magn m³	Jörð
E-1	Spónsgerði	Möl og sandur	50.000	Spónsgerði
E-2	Hörgá 1*	Árfarvegur og bakkar neðan við brú á Dalvíkurvegi	45.000	Hlaðir/Möðruvellir
E-3	Björg	Setnáma, sethjalli frá ísaldarlokum	2.200.000	Björg
E-4	Hörgá 2*	Árfarvegur milli Djúpárbakka og Laugalands	65.000	Litli-Dunhagi, Stóri-Dunhagi, Grjótgarður, Djúpárbakki, Björg
E-5	Moldhaugaháls	Grjótnáma ásamt lagersvæði alls um 17 ha	5.000.000	Skútar/Moldhaugar
E-6	Hörgá 3*	Árfarvegur á móts við Auðbrekku	85.000	(Krossastaðir, Laugarland, Auðbrekka Hólkot)
E-7	Hörgá 4*	Árfarvegur á móts við Brakanda	15.000	(Fornhagi, Brakandi, Dagverðartunga, Skriða)

E-8	Hörgá 5*	Malarkeilur og árfarvegur Syðri-Tunguár og Ytri-Tunguár	75.000	Skriða, Fornhagi, Dagverðartunga
E-9	Hörgá 6*	Árfarvegur frá Steðja að vesturmörkum Lönguhlíðar	400.000	Skriða, Langahlíð, Neðri-Rauðilækur, Neðri-Vindheimar, Ás, Skógar, Steðji
E-10	Öxnadalsá 1	Árfarvegur frá Neðstalandi og Hraunshöfða	55.000	Efstaland, Neðstaland, Skjaldarstaðir
E-11	Öxnadalsá 2*	Árfarvegur á móts við Efstaland	55.000	Efstaland
E12	Glæsibær	<p>Í tengslum við uppbyggingu á svæðinu er áætlað að opna gamalt malarnám á svæðinu þar sem fyrirhugað er að taka efni til notkunar í vegagerð og í lóðaframkvæmdir. Í leiðinni á að ganga frá námunni, laga hana að landi og loka með bættum umhverfisfrágangi. Í lok efnistöku tímabils verður jafnað úr brekkum og þær græddar upp.</p> <p>Einungis er heimilt að nýta efni sem tekið er úr efnistökusvæði E12 til gatnagerðar og viðlíka framkvæmda í íbúasvæði íB2 í landi Glæsibæjar. Ekki liggur fyrir hver efnispörf er vegna ofannefndra framkvæmda en þó skal efnistaka ekki verða svo mikil að framkvæmdin teljist B-framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.</p> <p>Efnistökusvæðið er alls um 1 ha að flatarmáli og afmarkast af því sem eftir stendur af malarkambi sem tekið var úr á árum áður. Við efnistöku skal ekki grafið dýpra en að núverandi landyfirborði í eldri hluta efnistökusvæðisins.</p>	<50.000	Glæsibær

E-13	Hlaðir/Tréstaðir	Malarnám úr sethjöllum frá ísaldarlokum. Að mestu í landi Hlaða. Eftir að efnistöku lýkur verður gengið frá námunni og sáð í svæðið. Æskilegt er að nýta grenndargróður í sáningu til þess að endurheimta að mestu fyrra gróðurfar. Þess skal gætt að efnistaka fari ekki nær árbökkum Hörgár en 50 metrar og að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni og svæðið lagað að núverandi landslagi.	50.000	Hlaðir/Tréstaðir
------	------------------	--	--------	------------------

### 4.3 BREYTING Á SÉRÁKVÆÐUM EFNISTÖKU Í HÖRGÁ

Í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 11. janúar 2016 er kveðið á um að efnistaka skuli einungis fara fram á einum stað í einu á efnistökusvæðum í Hörgá og þverám hennar (kafli 3.2.7 í greinargerð).

Torvelt hefur reynst að framfylgja þessu ákvæði, bæði vegna þess að landeigendur efnistökusvæða telja jafnræðis ekki gætt ef þeim er synjað um framkvæmdaleyfi vegna þess að efnistaka standi yfir á öðrum stað í ánni, en líka vegna þess að ekki er hafið yfir vafa hvernig túlka beri orðalag fyrرنefnds ákvæðis. Því skal sérákvæðum vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar breytt á eftirfarandi hátt:

Eftirfarandi ákvæði í neðanmálgrein töflu í kafla 3.2.7 í greinargerð fellt úr gildi:  
 „Efnistaka einungis á einum efnistökustað í einu.“

Í staðinn er eftirfarandi ákvæði bætt við sérsilmála efnistöku í Hörgá og þverám hennar:

„Við veitingu framkvæmdaleyfis til efnistöku í Hörgá og þverám hennar (efnistökusvæði E2, E4, E6, E7, E8, E9, E10 og E11) skal liggja fyrir umsögn Fiskistofu um framkvæmdina þar sem tillit er tekið til annarra gildandi framkvæmdaleyfa vegna efnistöku í Hörgá.“

Til að áréttu öruggan frágang haugsetts efnis skal eftirfarandi málsgrein í neðanmálstexta töflu í kafla 3.2.7 felld úr gildi:

„Efnislager skal ekki vera á bökkum árinna heldur fluttur hafnóðum á öruggt geymslusvæði fjarri ánni.“


Í staðinn er eftirfarandi málsgrein bætt við sérsilmála efnistöku í Hörgá og þverám hennar:  
 „Við efnistöku úr Hörgá og þverám hennar skal þannig gengið frá efnislager á geymslusvæðum á bökkum ánnna að ekki skolist efni úr þeim aftur út í árnar við háa vatnsstöðu í þeim.“

### 4.4 UPPFÆRD ÍBÚASPÁ

Íbúar í Hörgársveit voru 620 á 4. ársfjórðungi 2018 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Ef horft er til íbúaþróunar frá árinu 2014 þá hefur verið nokkur sveifla á fjölda íbúa síðustu ár en þeim hefur fjölgæð þó nokkuð síðustu misseri og í byrjun árs 2019 voru þeir 616. Þetta er fjölgun upp á um 10% frá 1.janúar 2014 til 1. janúar 2019, en mest varð fjölgunin á árinu 2018, sjá töflu 1.

Tafla 5. Þróun mannfjölda í Hörgársveit 2014-2019 (Hagstofa Íslands).



Íbúaspá verður uppfærð í aðalskipulaginu en vegna nýrrar húsnaðisáætlunar sem unnin var fyrir sveitarfélagið á þessu ári reyndist þörf vera á uppfærslu á uppfærslu á spánni. Ástæða endurskoðunar íbúaspáinnar er einkum sú að síðastliðin þrjú ár hefur verið talsvert ör fjölgun, en íbúar í sveitarfélagini töldu 620 í byrjun árs 2019 og hefur fjölgunin því þegar náð lágpá aðalskipulagsins þar sem gert var ráð fyrir að íbúar Hörgársveitar væru orðnir 620 árið 2024.

Sveitarfélagið hefur gefið út húsnaðisáætlun eins og lög gera ráð fyrir. Í þeirri áætlun þá er gert ráð fyrir uppfærðri íbúaspá og samkvæmt henni þá er gert ráð fyrir að í lok skipulagstímbilsins verði íbúar Hörgársveitar 731-821 talsins. Ástæðan fyrir breyttri íbúaspá er meiri fjölgun íbúa sl. ár en gert var ráð fyrir en einnig mikil eftirspurn eftir íbúðum í sveitarfélagini.

	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Lágspá	616	631	656	681	706	731
Miðspá	616	636	666	696	726	756
Háspá	616	641	686	731	776	821

Mynd 5. Uppfærð íbúaspá fyrir Hörgársveit til ársins 2024.

## 4.5 REIÐLEIÐIR

Gerðar eru breytingar á reiðleiðum á sveitarfélagsuppdrætti.

Breyting í Hörgárdal frá Hátúni að Skriðu. Breytingin felur í sér að í stað þess að nýta gamla Hörgárdalsveginn sem reiðleið eins og það er skilgreint í gildandi Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 þá er er hann í breytingunni sýndur meðfram nýjum Hörgárdalsvegi milli áðurnefndra bæja.

Reiðleið um Hörgárdal, frá gatnamótum Möðruvallarvegar/Hörgárdalsvegar að gatnamótum Hörgárdalsvegar við Mela lagfærð og færð neðan vegr í stað ofan á skipulagsuppdrætti.

Reiðleið meðfram vegi 818 í Kræklingahlíð hliðrað austur fyrir veg.

Ástæða breytingarinnar er að við hönnun á reiðleiðunum þá þykja þessar leiðir ákjósanlegri bæði hvað varðar staðsetnigu og umferðaröryggi.

## 4.6 STOFNÆÐ FRÁVEITU

Gerð er breyting á uppdrætti þar sem sýnd er ný stofnæð fráveitu. Skólpdælulögn mun liggja á milli dælustöðvar austan við Skógarhlíð 16 í Lónsbakkahverfi að dælustöð við Sjafnagötu á Akureyri og veitir lögnin fráveitu Lónsbakkahverfis inn í fráveitukerfi Akureyrar. Lögnin liggur í jörðu austan lóðanna Lónsbakka 1 og 3 og meðfram fyrirhugaðri vegtengingu yfir Lónið til Akureyrar. Ný fráveitulögn mun liggja að mestu meðfram vegum. Núverandi meðhöndlun fráveitu í hverfinu við Lónsbakka þar sem fyrir er stór rotþró með ósónhreinslun) reiði sig á veikan viðtaka og samræmist því ekki með góðu móti reglugerðarákvæðum um meðferð skolps og því nauðsynlegt að fara í þessar breytingar. Samkvæmt umsókn um framkvæmdaleyfi verða settar niður tvær forsmíðaðar skólpdælustöðvar sem verða neðanjarðar, annars vegar við norðaustur horn Sjafnargötu (Akureyrar megin) og hins vegar á opnu svæði norðan við núverandi rotþró og austan við Skógarhlíð 16 sem er í Hörgársveit. Á milli þeirra verður lögð peh 180 þrýstilögn.

Stöðin austan Skógarhlíðar tekur við skólpi frá núverandi íbúðabyggð og athafnasvæði við Lónsbakka í Hörgársveit. Ný íbúðabyggð vestan Birkihlíðar og Kjötvinnsla B Jensen við Lónsveg munu einnig tengjast við lagnakerfið og að dælustöð.

Ræsi verður sett í Lónsá þar sem væntanleg vegtenging milli Sjafnargötu og Lónsvegar kemur og fyllingar yfir það þannig að nægjanlegt dýpi fáist fyrir skólpdælulögnina. Á þá fyllingu kemur til bráðabirgða göngustígur milli Sjafnargötu og Lónsvegar.

## 5 UMHVERFISSKÝRSLA

---

### 5.1 MATSKYLDA SKIPULAGSTILLÖGU

Breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en í breytingunni eru nokkur framkvæmdaráform sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum.

Efnistaka í Hlaðir/Tréstaðir falla undir lið 2.03 þar sem efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira (B-flokkur). Þarna er um að ræða leiðréttingu á skipulagögnum en þar sem náman fellur undir lögini þá er hún metin skv. þeim.

Skógrækt í landi Geirhildargarða og Engimýrar falla undir lið 1.06 Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógareyðing sem breytir fyrri landnotkun (B-flokkur). Grjótgarður er utan verndarsvæðis og fellur undir lið 1.01 Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til 20 ha eða stærra landsvæðis.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþáttu, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður gerður samanburður við „núllkost“ sem felst í óbreyttu ástandi og svæðið áfram skilgreint eftir gildandi aðalskipulagi.

Valkostur A: Efnistökusvæði í landi Tréstaða skilgreint. Enginn valkostur er settur til samanburðar við þennan valkost enda ekki raunhæft þar sem núverandi ástand þýddi einfaldlega að efnistaka í leyfisleysi og þar með sömu áhrif og valkostur A.

Valkostur B: Ný skógræktarsvæði við Engimýri, Geirhildargarða og Grjótgarð (tekin saman í eina töflu hér á eftir).

Valkostur C: Óbreytt ástand, svæðin enn skilgreind skv. gildandi aðalskipulagi.

Í umfjöllun um umhverfisáhrif er fjallað um eftirfarandi umhverfisþætti:

- Verndarsvæði
- Gróður og dýralíf
- Landslag, jarðmyndanir og ásýnd
- Fornleifar og menningarminjar
- Landnotkun
- Samfélag

Val á þessum umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu helst orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

## 5.2 VIÐMIÐ

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum eru byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmiðum í lögum og reglugerðum og stefnumótun stjórnvalda.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings sem kunna að liggja fyrir.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti verður stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir. Í töflu 3. eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til

grundvallar umhverfismati á breytingu aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagsbreytingin hefur í för með sér.

Umhverfisþættir	Viðmið
Vatn	Náttúruverndarlög nr. 60/2013. Vatnalög nr. 20/2006. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024
Gróður & dýralíf	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla 2018. Listi yfir friðlýstar plöntur og válisti. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020, sjá kafla 2. Markmið og leiðir að vend lífrikis Íslands og kafla 11. um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Landslag, jarðmyndanir & ásýnd	Náttúruverndarlög nr. 60/2013. Sérstaða/fágæti landslags útfrá vísbindingum í 61. gr. laganna og 3. gr. þeirra um að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.
Fornleifar og menningarminjar	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en til fornleifa teljast skv. 3. gr. laga um menningarminjar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklum, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.
Landnotkun	Landsskipulagsstefna 2015-2026, Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Tafla 6. Umhverfisþættir og viðmið.

### 5.3 VÆGI ÁHRIFA

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa/ Vægiseinkunn	Skýring
Jákvæð +	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar eru jákvæð á umhverfisþátt út frá þeim viðmiðunum sem sett eru.
Óveruleg 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar eru óveruleg eða engin út frá þeim viðmiðunum sem sett eru.
Neikvæð -	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru neikvæð út frá þeim viðmiðunum sem sett eru.

Tafla 7. Vægi áhrifa.

### 5.4 UMHVERFISÁHRIF

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Við matið er m.a. stuðst við áætlanir framkvæmdaaðila um skógræktarsvæðin sem og ákvörðun Skipulagsstofnunar um tilteknar framkvæmdir.

Skilgreining efnistökusvæðis í landi Hlaða og Tréstaða	
Umhverfisþættir	
Vatn	Efnistökusvæðið er í næsta nágrenni við Hörgá en efnistaka fer fram í malarhjalla sem eru leifar eldri sethjalla Hörgár.
Valkostur A	0

	Óveruleg áhrif á vatnafar. Efnistökusvæðið er í 60 metra fjarlægð frá Hörgá þar sem það er næst.
Gróður & dýralíf	Svæðið er í dag mjög raskað af efnistöku til margra ára en hefur verið að mestu melar og mó- og graslendi. Dýralíf hefur ekki verið kannað en ætla má að dýralíf einkennist af nærliggjandi gróðurfari og þar finnist mófuglar.
	Valkostur A -
Landslag, jarðmyndanir & ásýnd	Efnistaka hefur ætið mikið rask á gróðri og dýralífi í för með sér. Eftir að efnistöku lýkur verður gengið frá námunni og sáð í svæðið. Æskilegt er að nýta grenndargróður í sáningu til þess að endurheimta að mestu fyrra gróðurfar.
	Landslag svæðisins einkennist af miklu sethjöllum frá ísold. Engar jarðmyndanir eða landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 61 gr. laga um nátturuvernd nr. 60/2013 en neðan námunnar rennur Hörgá. Efnistökusvæði er talsvert áberandi frá Ólafsfjarðar- og Dagverðareyrarvegi.
Fornleifar & menningarminjar	Valkostur A -
	Áhrif efnistöku á landslag og ásýnd eru neikvæð þar sem efnistakan breytir landslagi og ásýnd svæðisins talsvert. Þess skal gætt að efnistaka fari ekki nær árbökkum Hörgár en 50 metrar og að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni og svæðið lagað að núverandi landslagi.
Landnotkun	Samkvæmt aðalskráningu fornleifa sem gerð var í tengslum við Aðalskipulag Hörgársveitar eru engar skráðar minjar á svæðinu.
	Valkostur A 0 Óveruleg áhrif þar sem engar minjar eru að finna á svæðinu.

Tafla 8. Umhverfismat efnistökusvæðis við Hlaðir og Tréstaði

#### 5.4.1 Niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða umhverfismats breytingar vegna efnistöku við Tréstaði/Hlaðir eru óveruleg á umhverfisþættina vatn, fornleifar og menningarminjar aðra landnotkun. Breytingin mun hafa neikvæð áhrif á gróður og dýralíf sem og landslag, jarðmyndanir og ásýnd. Til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þá er lagt til að eftir að efnistöku lýkur verður gengið frá námunni og sáð í svæðið. Æskilegt er að nýta grenndargróður í sáningu til þess að endurheimta að mestu fyrra gróðurfar. Þess skal gætt að efnistaka fari ekki nær árbökkum Hörgár en 50 metrar og að gengið verði frá svæðinu að efnistöku lokinni og svæðið lagað að núverandi landslagi.

## Skógræktarsvæði í landi Engimýrar, Geirhildargarða og Grjótgarðs

<b>Umhverfisþættir</b>				
<b>Vatn</b>	Skógræktarsvæðin við Geirhildargarða og Engimýrinn eru á fjar svæði vatnsverndar og skógræktarsvæðið við Grjótgarð liggur neðan þjóðvegar og ofan Hörgár.			
	Valkostur A	0/+	Valkostur B	0
	Óveruleg áhrif á vatnafar eða jákvæð áhrif á vatnsbúskap og vatnafar. Vatnsbúskapur verði stöðugri og tré dragi úr flóðahættu.			
<b>Gróður &amp; dýralíf</b>	Ríkjandi gróðurfar í landi Geirhildargarða er graslendi og moslendi og að mestu láglent. Í landi Grjótgarða var svæðið áður nýtt sem beitiland og er á milli 20-80 m.y.s. Að mestu flatlent með nokkuð frjóu mólendi með rýrum melkollum á milli. Í landi Engimýrar er ríkjandi gróðurlendi mólendi og graslendi. Skógræktarsvæðið er á flatlendi við þjóðveg 1. Dýralíf hefur ekki verið kannað en ætla má að dýralíf einkennist af nærliggjandi gróðurfari og þar finnist mófuglar.			
	Valkostur A	0/+	Valkostur B	0
	Skógrækt á svæðunum mun breyta núverandi gróðurfari, sem er hvorki talinn vera sérstakt eða sjaldgæft á þeim svæðum þar sem skógrækt á að fara fram. Gróður verður fjölbreyttari á svæðinu og hefur því möguleg jákvæði áhrif í för með sér fjölbreyttara gróður- og dýralíf. Ekki verður gróðursett í mýrar eða votlendi.			
<b>Landslag, jarðmyndanir ásýnd</b>	&	Landslag svæðanna einkennist annars vegar af af láglendi og hlíðum við Geirhildargarð og Engimýri og flatlendi neðan þjóðvegar við Grjótgarð og liggja á bilunu 30-200 m. Engar sérstakar jarðmyndanir á svæðunum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúrvernd 60/2013.		
		Valkostur A	-	Valkostur B
	Áhrif skógræktar á landslag og ásýnd við Engimýri og Geirhildargarð eru að mestu bundin við láglendi við þjóðveg 1 en teygja sig mishátt upp í hlíðarnar. Lögð verður áhersla á að fella skóginn vel að landslagi með því að leyfa línum í landslagi að ráð útmörkum skógarins og birkiskógar í efri mörkum til að mýkja ásýnd. Sammognunar áhrif með annarri skógrækt eru talsverð þar sem um er að ræða viðbót við nú þegar mikla skógrækt innan sveitarfélagsins og ásýndarbreyting því talsverð. Engar sérstakar jarðmyndanir eða náttúruminjar eru á svæðinu.			
<b>Fornleifar &amp; menningarminjar</b>	&	Aðalskráning fornleifa hefur farið fram í sveitarfélaginu og fornleifaskráning hefur farið fram í landi Engimýrar árið 2008 og einnig í landi Geirhildargarðam engin skráning hefur farið fram í landi Grjótgarðs.		
		Valkostur A	0	Valkostur B
	Innan Engimýrar voru skráðar 4 minjar og verða þær afmarkaðar og ekki gróðursett í nágrenni við þær. Ekki er vitað um minjar í landi Grjótgarðs en ábúendum er ekki kunnugt um minjar. Ef minjar koma í ljós verður ekki plantað nær þeim en 20 m. Í landi Gerirhildargarðs er ein tóft innan fyrirhugaðs skógræktarsvæði og verður þess gætt að gróðursetja ekki nær henni en 20 m.			

Landnotkun	Önnur landnotkun á fyrirhuguðum skógræktarsvæðum er að í aðalskipulagi eru svæðin skilgreind sem fjarsvæði vatnsverndar, landbúnaðarsvæði og við Engimýri og Geirhildargarða liggur raflína í gegnum svæðin. Þjóðvegur 1 er síðan við jaðar svæðanna.		
	Valkostur A	0	Valkostur B

Breytt skilgreining hefur engin áhrif á núverandi nýtingu og hefur ekki áhrif á landnýtingu á aðliggjandi svæðum enda verður þess gætt að gróðursetning fari ekki nær rafmagnslínun en helgunarsvæði þeirra leyfa. Áhrif á umhverfisþátt eru óveruleg.

Óveruleg áhrif á umhverfisþátt þar sem ekki eru lagðar til neinar breytingar frá þeim áætlunum sem í gildi eru.

Tafla 9. Umhverfismat skógræktarsvæða.

#### 5.4.2 Niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða umhverfismats breytingar vegna nýrra skógræktarsvæða við Grjótgarð, Geirhildargarða og Engimýri eru óverulegar á umhverfisþættina gróður & dýralíf, fornleifar og menningarminjar og landnotkun. Óveruleg eða jákvæð á umhverfisþáttinn vatn þar sem skógrækt getur haft jákvæð á vatnabúskap þar sem hann getur orðið stöðugri dregið úr flóðahættu. Til viðbótar hefur skógrækt jákvæð áhrif á loftgæði, skógur bindur kolefni og er því mikilvægur í draga úr neikvæðu áhrifum á loftslag. Neikvæð áhrif munu einna helst vera vegna ásýndarbreytinga sem skógrækt hefur á núverandi landslag og samlegðaráhrifa með annarri skógrækt. Lögð verður áhersla á að fella skóginn vel að landslagi með því að leyfa línum í landslagi að ráð útmörkum skógarins og birkiskógar í efri mörkum til að mykja ásýnd.

## 6 SAMRÁÐ OG KYNNING

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti þann 30. apríl 2019 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 fyrir almenningi á grundvelli 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytinguna var auglýst hjá sveitarfélagini frá 9. september til 30. september 2019. Lýsingin var einnig aðgengileg á vef sveitarfélagsins á slóðinni [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) þar sem hagsmunaaðilum var gefið tækifæri til þess að koma með skriflegar athugasemdir. Skipulagslýsingin var einnig send umsagnaraðilum.

Þar sem umfang breytingarinnar var að mati Skipulagsstofnunar þess eðlis að hún kallaði jafnvel á endurskoðun og væri of umfangsmikil þá var ákveðið að fækka liðum talsvert eins og kemur fram í inngangaskafla.

Tillagan verður kynnt og samráð haft við hagsmunaaðila, auk neðangreindra umsagnaraðila, í samræmi við ákvæði skipulagslaga og -reglugerðar.

Eftirtaldir aðilar eru umsagnaraðilar um þessa aðalskipulagsbreytingu:

- Skipulagsstofnun
- Aðlæg sveitarfélög
- Skógræktin
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Umhverfisstofnun
- Náttúrustofa Norðurrands eystra
- Minjastofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Norðurorka
- Vegagerðin

- Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar
- Landeigendur

Tillagan er hefur þegar verið kynnt og auglýst. Breytingin öðlast gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## **7 HEIMILDASKRÁ.**

---

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2017.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfísáhrifum.

Landskipulagsstefna 2015-2026.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.